# Það glampaði á gullmola og gimsteina

## – Af lambaskoðunum haustið 2023

**Þátttaka í lambadómum var góð í haust og jókst talsvert á milli ára. Skráðir hafa verið dómar á 57.588 lömb í Fjárvís.is, sem er fjölgun um rúmlega 4.000 lömb frá fyrra ári.**



Eyþór Einarsson.

Aukin þátttaka skýrist líklega aðallega af tvennu.

Annars vegar því að lömbin voru með væsta móti í haust og því mikið af álitlegum lömbum til að skoða. Hins vegar er ljóst að sú bylting sem er hafin tengd ræktun gegn riðu hefur ákveðin örvandi áhrif á kynbótastarfið.

Skoðaðir voru rúmlega 11.800 lambhrútar. Þeir mældust að jafnaði með þykkari bakvöðva en áður hefur mælst, eða 31,6 mm. Í hópnum voru 70 hrútlömb sem mældust með bakvöðva á bilinu 40 til 44 mm. Þykkustu vöðvarnir í haust mældust í gimbrum en þær voru með 45 mm vöðva. Önnur frá Sölvabakka í Refasveit og hin frá Bæ 1 í Hrútafirði. Lömbin reyndust heldur feitari en áður og mældist bakfita í hrútum 3,4 mm að jafnaði. Að meðaltali hlutu hrútarnir 84,9 stig og vógu 48,1 kg. Til samanburðar þá var meðal lambhrúturinn með 85 stig haustið 2022, vó 47,7 kg og mældist með 31 mm þykkan vöðva.

Það að lömbin væru holdmeiri en áður endurspeglaðist í góðri gerð sláturlamba, en samkvæmt tölum frá MAST þá var gerðareinkunnin í haust sú hæsta sem verið hefur, eða 9,58, og fallþungi sláturlamba hefur aðeins einu sinni verið meiri á landinu. Var nú 17,2 kg en hæst hefur landsvigtin farið í 17,4 kg sem var árið 2021.

### *Hæstu hrútar*

Þrír lambhrútar hlutu 92 stig í haust, en enginn hrútur fór svo hátt á síðasta ári. Sá hrútur sem raðast efst yfir landið er Arnold 23-332 frá Ketilsstöðum á Tjörnesi. Hann er svarflekkóttur að lit en trúlega hefur flekkóttur hrútur ekki áður staðið hrúta fremstur á landsvísu. Faðir hans, Tindastóll 21-123, er frá Syðri-Sandhólum og er sonur Glitnis 19-848 frá Efri-Fitjum og MMF er Lási 13-985 frá Leifsstöðum. Annar raðast hrútur nr. 230 frá Laxárdal í Hrútafirði. Hann er undan Hnaus 20-890 frá Mýrum 2 og er MFF hans Dreki 13-953 frá Hriflu. Þriðji í röðinni er síðan kollóttur hrútur frá Efri-Fitjum í Fitjárdal, lamb nr. 8. Sá er sonur Glæsis 19-887 frá Litlu-Ávík og MFF Dúlli 17-813 frá Miðdalsgröf.

Í meðfylgjandi töflu er listi yfir hæststiguðu lambhrúta landsins, raðað eftir sýslum. Séu hrútar jafnir að heildarstigum er þeim raðað eftir samanlögðum stigum fyrir gerðarþætti (frampart, bak, malir og læri), þá eftir bakvöðvaþykkt, síðan fituþykkt og ef einhverjir standa enn jafnir ræður lögun vöðvans röð.

### *Breyting á dómstiga – hvaða áhrif hafði hún?*

Tvær breytingar voru gerðar á dómstiganum á þessu ári og því var áhugavert að sjá hvaða áhrif það hefði á útkomu dóma í haust. Í fyrsta lagi voru kröfur auknar um bakvöðvaþykkt um 2 mm fyrir hverja einkunn sem gefin er fyrir bak lambhrúta. Fyrir hæstu einkunnir var krafan aukin um lágmarks fituþykkt og mörk fyrir hámarksfitu rýmkuð. Nú er því krafan fyrir bakeinkunn upp á 10 (miðað við 45 kg hrútlamb) að bakvöðvinn nái 40 mm þykkt og að fituþykktin sé á bilinu 2 til 4 mm. Áður voru lágmarkskröfur fyrir einkunnina 10 að bakvöðvaþykkt væri 38 mm og að fitan væri á bilinu 1,5 til 3,0 mm. Þar sem bakvöðvi var almennt meiri en nokkru sinni áður í haust, olli breytingin ekki mikilli lækkun en meðaleinkunn fyrir bak lækkar um 0,14 stig milli ára. Dreifni einkunna var hins vegar betri. Ef ekki hefði verið búið að herða á skalanum hefðu um 190 hrútar hlotið 10 fyrir bak í haust en raunin varð að þeir voru 67.



**Arnold 23-332 frá Ketilsstöðum er hæststigaði lambhrútur landsins haustið 2023.** Mynd / EE

Hin breytingin á dómstiganum tengist ullardómum. Nú er allt vægi einkunnarinnar sett á gæði og ullarmagn en eldveggir í skalanum gagnvart því hvernig kindin er á litinn voru teknir út. Þessi breyting skilaði meiri dreifni í einkunnagjöf fyrir ull. Í heildina hækkar meðaleinkunn hjá hrútum fyrir ull um 0,13 stig á milli ára. Væntingar standa til þess að breytingin skili betra mati á gæði ullar en ljóst er að áfram verður verkefnið að samræma vinnubrögð við dóma og auka færni í því að ná sem best utan um þennan eiginleika.

### *Frábær útkoma ARR hrútanna*

Það sem var kannski hvað mest spennandi í haust var hver útkoman yrði á lömbum undan þessum fyrstu hrútum stöðvanna sem valdir voru til að dreifa verndandi arfgerðum gegn riðuveiki í sauðfjárstofninn. Skemmst er frá því að segja að útkoman var ákaflega góð. Þetta voru einfaldlega oftar en ekki bestu lömbin sem bændur áttu í haust. Sérstaklega hvað varðar ARR hrútana og má með sanni segja að víða hafi glampað á gullmola og gimsteina í lambahópum bænda.

Gullmoli náði þeim frækna árangri að eiga hæststigaða lambhrútahópinn ásamt Glæsi frá Litlu-Ávík. Synir þessara hrúta voru með 85,8 stig að jafnaði. Styrkur Gullmola lá sérstaklega í öflugum læraholdum. Synir hans hlutu 18,2 stig að meðaltali sem var hæsta meðaleinkunn sona stöðvahrútanna í haust. Þá var einkennandi hve þroskamikil afkvæmi Þernuneshrútanna voru. Til marks um það, að þá stendur nú Gullmoli þriðji efstur allra reyndra stöðvahrúta lifandi og dauðra í kynbótamati fyrir „fallþunga – bein áhrif" með 125 stig og Gimsteinn sjötti með 123 stig. Gimsteinn var sá hrútur stöðvanna sem átti flesta skoðaða syni, eða rúmlega 390. Á meðfylgjandi lista yfir hæstu hrúta hverrar sýslu eiga þeir Gullmoli og Gimsteinn samtals 6 lambhrúta.

Af öðrum stöðvahrútum sem létu verulega að sér kveða sem feður úrvalshrúta í haust má nefna Fróða 18-880 frá Bjargi en hann á flesta hrúta á topplistanum, eða 6 alls. Rammi 18-834 hélt uppteknum hætti og er áfram sá hrútur sem skilar þykkasta bakvöðvanum. Því er ekki að undra að hann stendur efstur í kynbótamati fyrir bakvöðvaþykkt með 143 stig. Sævar 21-897 frá Ytri-Skógum kemur svo á hæla honum með næstþykkasta vöðvann og þriðja hæsta meðaltalið fyrir stig alls.

| Uppruni | Númer | Nafn | Faðir | Þungi (kg) | Ómvöðvi | Ómfita | Lögun | Fótleggur | Haus | Háls+herðar | Bringa+útlögur | Bak | Malir | Læri | Ull | Fætur | Samræmi | Stig alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Gullbringu- og Kjósarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Miðdalur | L117 | | 22-012 Ægir | 56,0 | 34,0 | 5,4 | 4,5 | 110,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 2 Miðdalur | 23-013 | Örn | 21-004 Hallmundur | 53,0 | 34,0 | 4,2 | 4,0 | 113,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 3 Kiðafell | L84 | | 19-001 Arður | 65,0 | 34,0 | 6 | 4,0 | 111,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| 4 Kiðafell | L5 | | 20-890 Hnaus | 66,0 | 37,0 | 5,2 | 4,5 | 112,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 18,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **88,0** |
| 5 Kiðafell | 23-001 | | 19-001 Arður | 61,0 | 36,0 | 5,7 | 4,0 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| **Borgarfjarðarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Kópareykir | L31 | | 22-157 Stafur | 59,0 | 37,0 | 5,4 | 4,5 | 109,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 2 Hægindi | 23-108 | Bursti | 19-889 Kústur | 56,0 | 34,0 | 4 | 5,0 | 111,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 3 Skarð 1 | 23-164 | Bakki | 20-891 Jaður | 52,0 | 35,0 | 4 | 5,0 | 112,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 4 Múlakot | 23-002 | Tígull | 22-433 Spaði | 48,0 | 33,0 | 3,2 | 4,0 | 107,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 5 Oddsstaðir 1 | 23-147 | Bjálki | 21-151 Haki | 50,0 | 35,0 | 1,9 | 5,0 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| **Mýrasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Hundastapi | 23-654 | Stapi | 21-125 Demantur | 57,0 | 41,0 | 4,5 | 4,5 | 111,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 10,0 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 7,0 | 8,5 | **89,5** |
| 2 Stafholtsveggir | 23-044 | Blíðfinnur | 21-130 Múli | 59,0 | 44,0 | 4,6 | 5,0 | 112,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 19,0 | 7,5 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 3 Staðarhraun | 23-660 | | 20-877 Grettir | 59,0 | 41,0 | 4,1 | 5,0 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 10,0 | 9,0 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **89,5** |
| 4 Fúsavatn | 23-006 | Þræll | 19-109 Elfur | 56,0 | 38,0 | 3,3 | 5,0 | 108,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 5 Staðarhraun | 23-664 | | 20-877 Grettir | 58,0 | 41,0 | 3 | 5,0 | 114,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 10,0 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | **88,5** |
| **Snæfells- og Hnappadalssýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Máfahlíð | 23-001 | Svali | 22-005 Klaki | 55,0 | 37,0 | 2,5 | 5,0 | 109,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,5 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **91,5** |
| 2 Hraunháls | 23-448 | | 22-443 Selflói | 48,0 | 39,0 | 5,4 | 4,5 | 108,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 20,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | **90,0** |
| 3 Hjarðarfell 2 | 23-743 | | 20-890 Hnaus | 61,0 | 42,0 | 5 | 5,0 | 113,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 10,0 | 10,0 | 19,0 | 7,5 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 4 Máfahlíð | 23-333 | Kvár | 21-001 Bassi | 53,0 | 38,0 | 3,2 | 4,5 | 112,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 5 Sandholt 17 | 23-638 | Örvar | 21-637 Friskó | 52,0 | 33,0 | 4,5 | 4,5 | 112,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| **Dalasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Svalbarð | 23-654 | Sigmar | 18-083 | 50,0 | 36,0 | 4,1 | 4,5 | 108,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 2 Klifmýri | 23-423 | | 21-497 Snagi | 57,0 | 36,0 | 5,5 | 4,5 | 109,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 3 Hlíð | 23-307 | Hroki | 19-874 Hnokki | 43,0 | 34,0 | 3,6 | 4,0 | 107,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 4 Sælingsdalstunga | 23-798 | Kóngur | 19-885 Alli | 63,0 | 36,0 | 3,4 | 4,5 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| 5 Hlíð | 23-308 | Póstur | 21-671 Sendill | 52,0 | 35,0 | 3,6 | 4,5 | 108,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| **Barðastrandarsýslur** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Innri-Múli | L60 | | 17-852 Bikar | 52,0 | 31,0 | 4,8 | 4,5 | 111,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 2 Árbær | 23-048 | | 21-038 Sónn | 54,0 | 35,0 | 3 | 4,5 | 108,0 | 7,5 | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 3 Árbær | 23-917 | Kristall | 21-899 Gimsteinn | 61,0 | 36,0 | 4,7 | 4,5 | 112,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 4 Árbær | 23-279 | | 21-040 Hnokki | 58,0 | 35,0 | 5,2 | 4,5 | 109,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 5 Bakki | 23-001 | | 19-010 Bor | 45,0 | 34,0 | 2,4 | 4,5 | 113,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 9,5 | 8,0 | 8,5 | **89,0** |
| **Ísafjarðarsýslur** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Minni-Hlíð | 23-202 | Tóbías | 22-218 Kaspían | 55,0 | 37,0 | 4,5 | 5,0 | 109,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | **88,5** |
| 2 Ketilseyri | 23-060 | Tolli | 17-872 Suddi | 52,0 | 34,0 | 2 | 4,5 | 110,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 3 Ketilseyri | 23-058 | Erró | 21-896 Þór | 53,0 | 34,0 | 3,5 | 5,0 | 106,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 4 Kirkjuból 1 og 2 | 23-404 | | 22-401 Úði | 49,0 | 34,0 | 5,3 | 4,0 | 106,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **87,5** |
| 5 Minni-Hlíð | 23-225 | Legolas | 21-208 Stígur | 58,0 | 35,0 | 4,8 | 4,5 | 109,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **87,5** |
| **Strandasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Laxárdalur 3 | L230 | | 20-890 Hnaus | 54,0 | 40,0 | 2,4 | 5,0 | 107,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 10,0 | 10,0 | 19,5 | 8,5 | 8,0 | 9,5 | **92,0** |
| 2 Árnes 2 | 23-169 | Ingo | 18-263 Nasi | 48,0 | 35,0 | 4,6 | 4,5 | 103,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 19,5 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **91,0** |
| 3 Árnes 2 | 23-364 | Loki | 21-314 Kjói | 50,0 | 34,0 | 5,9 | 5,0 | 104,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 19,5 | 9,0 | 8,0 | 9,5 | **91,0** |
| 4 Heydalsá 1 og 3 | 23-104 | Garri | 21-899 Gimsteinn | 61,0 | 36,0 | 4,5 | 4,5 | 108,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,5 | **90,5** |
| 5 Smáhamrar 2 | 23-230 | | 20-324 Páll | 58,0 | 41,0 | 2,5 | 4,5 | 110,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| **Vestur-Húnavatnssýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Efri-Fitjar | L8 | | 19-887 Glæsir | 63,0 | 36,0 | 5,5 | 5,0 | 111,0 | 8,0 | 9,5 | 10,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,5 | **92,0** |
| 2 Efri-Fitjar | 23-664 | Magni | 19-883 Kraftur | 61,0 | 41,0 | 6,3 | 5,0 | 107,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 10,0 | 10,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,5 | **91,5** |
| 3 Efri-Fitjar | 23-679 | Gaukur | 20-674 Haukur | 58,0 | 37,0 | 3,5 | 4,5 | 110,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,5 | 8,5 | 8,0 | 9,5 | **91,5** |
| 4 Grænihvammur | 23-284 | | 18-880 Fróði | 56,0 | 36,0 | 2,5 | 4,0 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,5 | **90,5** |
| 5 Bergsstaðir | 23-167 | | 18-880 Fróði | 59,0 | 39,0 | 4 | 4,5 | 108,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 9,5 | **90,5** |
| **Austur-Húnavatnssýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Hólabær | 23-104 | Bestur | 20-892 Austri | 58,0 | 39,0 | 5 | 5,0 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 2 Hof | 23-924 | Atlas | 22-902 Gullmoli | 66,0 | 38,0 | 3,5 | 4,5 | 110,0 | 7,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 3 Stekkjardalur | 23-681 | | 20-893 Kalli | 55,0 | 36,0 | 2,9 | 4,0 | 110,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 4 Leifsstaðir 1 | 23-312 | Jenni | 20-877 Grettir | 55,0 | 36,0 | 3,6 | 5,0 | 103,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 5 Sölvabakki | 23-084 | | 20-891 Jaður | 56,0 | 37,0 | 3,8 | 5,0 | 108,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| **Skagafjarðarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Skúfsstaðir | 23-426 | | 22-426 Askur | 63,0 | 44,0 | 4,6 | 5,0 | 107,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 10,0 | 9,0 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,5 | **91,0** |
| 2 Ríp 1 | L3613 | | 21-899 Gimsteinn | 60,0 | 39,0 | 4,2 | 4,5 | 108,0 | 7,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 9,5 | **90,0** |
| 3 Tunga | L51 | | 18-880 Fróði | 54,0 | 38,0 | 4,4 | 5,0 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 4 Ríp 1 | L3101 | | | 54,0 | 43,0 | 5,1 | 4,5 | 112,0 | 7,5 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 5 Ríp 1 | L3691 | | 22-249 Kantur | 61,0 | 42,0 | 4 | 4,5 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| **Eyjafjarðarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Göngustaðir | 23-565 | Sigursteinn | 22-902 Gullmoli | 61,0 | 40,0 | 5,3 | 4,5 | 110,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 19,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **90,5** |
| 2 Göngustaðir | 23-563 | Seifur | 22-902 Gullmoli | 54,0 | 37,0 | 2,7 | 4,5 | 109,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 3 Hrafnagil | L552 | | 19-885 Alli | 53,0 | 36,0 | 4,1 | 4,5 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 4 Torfufell | 23-486 | Styrkur | 19-883 Kraftur | 58,0 | 39,0 | 4,4 | 4,5 | 109,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 5 Staðarbakki | 23-230 | Ás | 18-880 Fróði | 52,0 | 37,0 | 3,8 | 5,0 | 107,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 8,5 | **89,5** |
| **Suður-Þingeyjarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Ketilsstaðir | 23-332 | Arnold | 21-123 Tindastóll | 57,0 | 42,0 | 4,5 | 5,0 | 112,0 | 8,0 | 9,5 | 10,0 | 10,0 | 9,5 | 19,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **92,0** |
| 2 Hrifla | 23-072 | Rokkur | 21-898 Strokkur | 47,0 | 40,0 | 3,2 | 5,0 | 111,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 10,0 | 10,0 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **90,5** |
| 3 Hrifla | 23-071 | | 20-875 Galli | 49,0 | 41,0 | 3,5 | 5,0 | 108,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **90,0** |
| 4 Hrifla | 23-065 | Myrkvi | 19-069 Krókur | 54,0 | 38,0 | 3,7 | 5,0 | 109,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **90,0** |
| 5 Hvoll | 23-110 | Heikir | 21-109 Þengill | 52,0 | 37,0 | 6,2 | 4,5 | 111,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| **Norður-Þingeyjarsýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Sveinungsvík 1 | 23-208 | | 22-208 Dakíri | 51,0 | 42,0 | 3,6 | 5,0 | 110,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 10,0 | 10,0 | 19,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **91,5** |
| 2 Sveinungsvík 1 | 23-205 | | 22-201 Fleygur | 50,0 | 39,0 | 3,3 | 5,0 | 112,0 | 8,0 | 10,0 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **90,5** |
| 3 Sveinungsvík 1 | 23-206 | | 22-210 Farmur | 45,0 | 38,0 | 4 | 5,0 | 109,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| 4 Sveinungsvík 1 | | | 20-875 Galli | 50,0 | 41,0 | 3,6 | 5,0 | 110,0 | 8,0 | 8,5 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 19,5 | 9,0 | 7,5 | 9,0 | **90,0** |
| 5 Hagaland | 23-150 | Hnöttur | 22-154 Ýdi | 47,0 | 37,0 | 2,8 | 5,0 | 105,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **89,5** |
| **Norður-Múlasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Rauðholt | | | 19-464 Kuti | 52,0 | 36,0 | 3 | 5,0 | 103,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 2 Melar | 23-115 | Fantur | 22-117 Björn | 53,0 | 36,0 | 4,2 | 4,5 | 104,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 3 Melar | 23-112 | Hljómur | 18-855 Tónn | 48,0 | 38,0 | 2,6 | 5,0 | 105,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,0 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 4 Valþjófsstaður 2 | 23-070 | | 21-174 Hampur | 47,0 | 37,0 | 4,1 | 4,0 | 107,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 5 Klaustursel | 23-483 | | 18-880 Fróði | 52,0 | 36,0 | 4,2 | 4,5 | 109,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| **Suður-Múlasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Slétta | 23-532 | | 19-887 Glæsir | 51,0 | 37,0 | 3,5 | 5,0 | 104,0 | 7,5 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 2 Hjartarstaðir 1 | | | 22-002 Svörður | 49,0 | 40,0 | 2,8 | 5,0 | 106,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 10,0 | 9,0 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 3 Hjartarstaðir 1 | | | 22-002 Svörður | 44,0 | 36,0 | 1,8 | 5,0 | 105,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 18,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 4 Lundur | | | 19-887 Glæsir | 52,0 | 35,0 | 2,6 | 5,0 | 107,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **89,5** |
| 5 Gilsárteigur 2 | 23-061 | Vökull | 20-890 Hnaus | 58,0 | 37,0 | 4,6 | 5,0 | 106,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| **Austur-Skaftafellssýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Breiðabólsst 2 Gerð | | | 18-834 Rammi | 62,0 | 41,0 | 3,9 | 5,0 | 111,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,0 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 2 Ártún | 23-613 | | 21-897 Sævar | 67,0 | 39,0 | 3,6 | 5,0 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,0 | 18,0 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 3 Hvammur | 23-490 | | 20-875 Galli | 53,0 | 36,0 | 3,1 | 5,0 | 105,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 18,5 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **88,0** |
| 4 Akurnes | | | 21-453 Askur | 49,0 | 37,0 | 3,4 | 5,0 | 106,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | **87,5** |
| 5 Hestgerði | 23-033 | Kólus | 16-824 Breki | 50,0 | 36,0 | 2,7 | 4,5 | 109,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 19,0 | 7,5 | 8,0 | 8,5 | **87,5** |
| **Vestur-Skaftafellssýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Úthlíð | 23-574 | | 17-852 Bikar | 54,0 | 40,0 | 3,3 | 5,0 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **89,0** |
| 2 Holt 2 | 23-585 | | 19-559 Þristur | 49,0 | 37,0 | 3,3 | 4,0 | 111,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **89,0** |
| 3 Borgarfell 1 og 3 | | | 21-897 Sævar | 53,0 | 42,0 | 3,3 | 5,0 | 108,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,0 | 19,0 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 4 Borgarfell 1 og 3 | | | 20-604 Sveinn | 55,0 | 39,0 | 3,3 | 5,0 | 114,0 | 8,0 | 9,0 | 9,0 | 10,0 | 9,5 | 18,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | **88,5** |
| 5 Holt 2 | 23-586 | | 19-559 Þristur | 60,0 | 35,0 | 6,4 | 4,0 | 114,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 19,0 | 7,5 | 8,0 | 9,0 | **88,5** |
| **Rangárvallasýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Teigur 1 | | | 22-301 Bekkur | 56,0 | 39,0 | 3,5 | 5,0 | 108,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **90,5** |
| 2 Teigur 1 | | | 21-898 Strokkur | 54,0 | 41,0 | 3,7 | 5,0 | 107,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 10,0 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **90,5** |
| 3 Syðri-Úlfsstaðir | 23-030 | | 21-160 Múfasa | 43,0 | 36,0 | 4 | 4,5 | 101,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **90,5** |
| 4 Efri-Rauðalækur | 23-014 | Boli | 20-331 Fótur | 63,0 | 38,0 | 4,5 | 4,5 | 110,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,5 | **90,5** |
| 5 Kirkjulækur 2 | 23-403 | Sproti | 18-882 Angi | 60,0 | 39,0 | 2,2 | 4,5 | 106,0 | 8,0 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **90,0** |
| **Árnessýsla** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 Dísarstaðir | 23-400 | | 18-880 Fróði | 48,0 | 40,0 | 3,7 | 5,0 | 111,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 10,0 | 10,0 | 19,0 | 8,5 | 8,0 | 9,0 | **91,5** |
| 2 Dísarstaðir | | | 21-056 | 48,0 | 38,0 | 0,3 | 4,5 | 111,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,5 | 8,5 | 8,0 | 8,5 | **90,5** |
| 3 Hófgerði | 23-070 | Haukur | 22-073 Frami | 64,0 | 36,0 | 4,4 | 4,5 | 107,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 9,0 | **90,5** |
| 4 Vogsósar 2 | 23-101 | | 21-110 Brjánn | 58,0 | 36,0 | 3,6 | 5,0 | 106,0 | 8,0 | 9,5 | 9,0 | 9,5 | 9,5 | 19,0 | 9,0 | 8,0 | 9,0 | **90,5** |
| 5 Brúnastaðir 1 | | | 22-085 Köggur | 46,0 | 33,0 | 1,8 | 5,0 | 104,0 | 8,0 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 19,5 | 8,0 | 8,0 | 8,5 | 90,0 |

Af hrútum með mögulega verndandi arfgerðir má nefna góða útkomu hjá Hnaus 20-890, sem á næstflesta syni á topplistanum, eða fjóra. Hnaus skilur því vonandi eftir sig öfluga syni sem dreift geta AHQ genasamsætunni. Þá var prýðileg útkoma hjá Austra 20-892 frá Stóru-Hámundarstöðum, en hann átti úrvals gripi í bland en Austri var fyrsti hrúturinn sem fannst með breytileikann T137.

### *Að lokum*

Það eru spennandi tímar í sauðfjárræktinni. Nýr eiginleiki hefur verið settur á oddinn í kynbótastarfinu, sem er þol gegn riðu. Óhætt er að segja að innleiðingin hafi fengið fljúgandi start. Það vekur vonir um að glatt muni ganga að koma arfgerðunum inn í stofninn. Vel lítur út með þátttöku í sæðingum í vetur en útlit er fyrir frábæra notkun á ARR hrútunum og sumum af þeim sem bera mögulega verndandi arfgerðir. Hversu vel þetta fer af stað er ýmsu að þakka en ekki síst bændum, hve jákvæðir þeir eru fyrir verkefninu. Það birtist m.a. í því hve auðfúsir þeir voru að láta stöðvunum í té álitlega ræktunargripi í haust.

Má því segja að útkoman og staðan eftir haustið gefi tilefni til bjartsýni á verkefnið sem er fram undan – sem er að halda áfram fulla ferð að bæta kosti sauðkindarinnar samhliða því að gera hana þolna gegn riðuveiki.

*Gleðileg jól.*

*Eyþór Einarsson,*
*ráðunautur á búfjárræktar- og þjónustusviði.*